

Reykjavík, dags 11. apríl 2022.

Minnisblað til menningar- og viðskiptaráðherra

Verðhækkanir og eftirlit með mögulegum samkeppnisbrestum þeim tengdum

1. Eins og kunnugt er hefur á undanförunum misserum borið á hnökrum í aðfangakeðjunni, vöruskorti, lengri afgreiðslutíma á innfluttum vörum og hækkun hrávöru. Eru þetta m.a. afleiðingar af breytingum á eftirspurn á tímum COVID-19 og nú síðustu vikur afleiðingar af stríðsrekstri Rússa í Úkraínu. Þessari þróun hefur fylgt umræða um þörf á verulegum verðhækkunum, sem að einhverju leyti hafa þegar komið fram. Á móti hefur verið bent á góða rekstrarstöðu og afkomu margra fyrirtækja, auk þess sem styrking á gengi krónunnar hefur unnið gegn þörf á verðhækkunum á innfluttum vörum.
2. Erfiðleikar í aðfangakeðjunni eru ekki bundnir við Ísland. Þeir geta hins vegar haft mjög alvarlegar afleiðingar á mörkuðum sem eru háðir flutningum til landsins og þar sem fákeppni ríkir.
3. Á mörkuðum þar sem virk samkeppni er til staðar er líklegra en ella að fyrirtæki séu knúin til að bregðast við verðhækkunum á aðföngum með því að hagræða í rekstri og auka skilvirkni. Dugi það ekki til geta eigendur fyrirtækjanna þurft að taka á sig auknar byrðar, s.s. með frestun arðgreiðslna. Þegar allt um þrýtur geta þessir erfiðleikar síðan skilað sér í hærra verði til viðskiptavina og neytenda.
4. Á mörkuðum þar sem skortir á samkeppni eiga fyrirtæki aftur á móti auðveldara með að velta verðhækkunum yfir á viðskiptavini og neytendur. Einnig er hættá á að hækkunir gangi síður til baka í fákeppnisumhverfi þegar ytri aðstæður batna. Hættan er því sú að almenningur og efnahagslífið í heild sitji uppi með skaðann til lengri tíma.
5. Þá er hættá á að verðhækkunir nái einnig til vöru og þjónustu sem ekki eru háðar hinum versnandi ytri aðstæðum. Meðal annars þess vegna setja samkeppnislög hagsmunasamtökum fyrirtækja mikilvægar skorður við upplýsingamiðlun og umræðu um verðhækkunir. Í tilefni af umfjöllun hagsmunasamtaka um væntanlegar verðhækkunir síðasta haust benti Samkeppniseftirlitið opinberlega á hættur sem fylgja slíkri umfjöllun, sbr. [tilkynningu á heimasíðu eftirlitsins, dags. 22. október](#), og [pistil, dags. 15. október 2021](#). Þá opnaði Samkeppniseftirlitið sérstaka [leiðbeiningarsíðu um hagsmunasamtök og samkeppnisreglur](#). Nýleg beiting stjórnvaldssekta gagnvart Samtökum fjármálafyrirtækja er af sama meiði, sbr. [ákvörðun nr. 7/2022](#).

Upplýsingaöflun er varðar þróun samkeppni og verðhækkunir á lykilmörkuðum

6. Með hliðsjón af öllu framangreindu hefur Samkeppniseftirlitið hafið upplýsingaöflun sem gerir því kleift að greina betur áhrif óhagstæðra ytri áhrifa á verðþróun á lykilmörkuðum. Upplýsingaöflunin beinist fyrst um sinn að þróun framlegðar á dagvörumarkaði, eldsneytismarkaði og sölu byggingarefnis. Þegar unnið hefur verið úr gögnunum verður metið hvort aflað verði frekari gagna á afmörkuðum sviðum. Gagnaöflunin stendur yfir.



7. Framangreind vinna byggir á gagnaöflunarheimildum Samkeppniseftirlitsins og miðar að því að koma auga á mögulega samkeppnisbresti á viðkomandi mörkuðum. Slíkir samkeppnisbrestir geta eftir atvikum kallað á frekari athuganir samkeppnisyfirvalda á grundvelli banns samkeppnislaga við ólögsmætu samráði, samkeppnishindrandi háttsemi hagsmunasamtaka eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Einnig geta samkeppnisaðstæður kallað á athugun á grundvelli c-liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga, sem heimilar eftirlitinu íhlutun vegna samkeppnishindrandi aðstæðna sem ekki verða raktar til ólögsmætrar háttsemi fyrirtækja. Þá getur komið til greina að beina ábendingum og tilmælum til stjórnvalda, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. og 18. gr. samkeppnislaga.
8. Virk samkeppni á flutningamarkaði skiptir miklu máli við aðstæður sem þessar. Yfirstandandi aðgerðir Samkeppniseftirlitsins til þess að efla samkeppni á þeim markaði skipta máli í þessu tilliti.

Samráð við fræðimenn, stjórnvöld og neytendur - Samtal við markaðinn

9. Samkeppniseftirlitið hefur að undanförunu aflað sjónarmiða víða til þess að móta áherslur sínar á þessu sviði. Þar á meðal hefur eftirlitið aflað sjónarmiða frá fræðimönnum, Seðlabanka Íslands, samtökum á vettvangi neytenda og verkalýðsfélaga og, Neytendastofu. Einnig hefur Samkeppniseftirlitið átt fundi og samtöl við stjórnendur fyrirtækja á lykilmörkuðum.
10. Samkeppniseftirlitið hefur í hyggju að halda þessu samtali áfram.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson